

Þingsályktun

um aukið samstarf Grænlands og Íslands.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, að höfðu samráði við Alþingi, að fylgja eftir tillögum í skýrslu Grænlandsnefndar utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um aukin samskipti Grænlands og Íslands á sviðum þar sem hagsmunir landanna fara saman. Gerður verði rammamningur milli landanna þar sem lýst verði markmiðum á tilgreindum samstarfssviðum, að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila. Af Íslands hálfu verði lögð áhersla á þá málaflokka sem fjallað er um í skýrslu Grænlandsnefndar og tillögur hennar hafðar til hliðsjónar. Í rammamningnum verði einnig tekið fullt tillit til grænlenksu sjálfstjórnarlaganna.

Samþykkt á Alþingi 31. maí 2021.